

3. gr.

71

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

16. júlí

Þetta birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 16. júlí 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

S A M Þ Y K K T

72

22. júlí

um

einkasíma frá Hofsósi að Bæ í Skagafirði.

1. gr.

Símar þeir, er þessi samþykkt nær til, eru frá Hofsósi um Sólbakka og Þönglaskála að Bæ.

2. gr.

Símar þeir, sem taldir eru í 1. gr., skulu lagðir svo fljótt, sem fé fæst til símalagningarinnar. Gerð símanna skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

3. gr.

Afgreiðslu á síma sínum, svo og daglegt viðhald og bráðabirgða-aðgerðir, annast hver símanotandi á einkasímasvæðinu, er síma hefir. Hvað snertir símalínuna utan húsa, skiptist þetta þannig, að ábúandi Bæjar og eigandi „Stefánshúss“ í Bæ, annist símalínuna frá Bæ að Þönglaskála, en ábúendur Þönglaskála og Sólbakka, að jöfnu frá Þönglaskála til miðstöðvar í Hofsósi.

4. gr.

Búendur á jörðunum Bæ og Þönglaskála, svo og ábúendur „Stefánshúss“ í Bæ og Sólbakka, ganga í símafélag, er nefnist: „Einkasímafélag Höfðstrendinga I“, og greiðir það kostnað þann, sem lagning símanna og viðhald þeirra hefir í för með sér, að frádregnum þeim $\frac{3}{5}$ hlutum stofnkostnaðar, er landssíminn greiðir, og því daglega viðhaldi, er um getur í 3. gr.

Kostnaði þessum skal jafnað niður á þá, er talsímaáhald fá, í því hlutfalli, sem hér segir: Eigandi Bæjar greiði $\frac{1}{2}$ stofnkostnaðar, en eigendur „Stefánshúss“ í Bæ, Þönglaskála og Sólbakka $\frac{1}{6}$ hluta hver. Viðhald skiptist á sama hátt og um getur í síðari málsgrein 3. gr.

72

22. júlí

5. gr.

Félagið skal eiga með sér aðalfund árlega, síðla vetrar. Á fundi, er gengið verður frá samþykkt þessari til fullnustu, skal kosin þriggja manna stjórn fyrir félagið. Stjórnin er kosin til þriggja ára, og gengur einn maður úr stjórninni á hverju ári, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, og kys aðalfundur mann í stað þess, er úr gengur.

Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosinn endurskoðandi, úrskurðaðir reikningar félagsins, er stjórnin semur fyrir næsta ár á undan o. s. frv.

Afrit af ársreikningnum skal sent landssímastjóra.

6. gr.

Sveitarstjórn Hofshrepps og sýslustjórn Skagafjarðarsýslu ábyrgist starf-rækslu einkasimanna eftir því, sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línun-um sé að öllu vel við haldið.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, allt að kr. 200.00, er renna í sveitarsjóð Hofshrepps.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929 um einkasíma í sveitum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öll-um þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. júlí 1932.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

73

23. júlí

S A M Þ Y K K T

um

stjórn bæjarmálefna í Reykjavík.

I. KAFLI.

Um stjórn bæjarmálefna.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er skipuð 15 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir taka ákvarðanir á bæjarstjórnarfundum um þau málefni bæjarins, er til bæjarstjórnar koma.